Fimmtudaginn 25. janúar 1990.

Nr. 410/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 30. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 385/1989: Ákæruvaldið gegn Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. mars 1989, á hendur ákærða, Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, Hraunbæ 188, fæddum 16. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir að aka, tvisvar sinnum á

árinu 1989, bifreiðinni R-21737 í Reykjavík, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) sunnudaginn 19. febrúar frá Eyjabakka og um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku,

2) föstudaginn 17. febrúar frá Skipholti 40 að Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg og þaðan að Skipholti 46.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, R-21737, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, eins og í ákæru segir. Í blóði ákærða mældust eftir aksturinn 17. febrúar 1,06‰ af vínanda, en eftir aksturinn 19. febrúar 0,69‰ af vínanda. Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt 1986.

Hefur ákærði með játningu sinni, sem er studd gögnum málsins, orðið sannur að brotum á þeim refsiákvæðum, sem tilfærð eru í ákærunni.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði á að baki sér langan afbrotaferil. Hefur hann til þessa verið dæmdur 19 sinnum fyrir hegningarlagabrot og 13 sinnum gengist undir dómsáttir fyrir umferðarlagabrot, ölvun eða fíknilagabrot.

Ákærði hlaut í september 1988 reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 347 dögum. Ber nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp reynslulausnartímann. Þykir refsing ákærða þannig vera hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Þá ber að árétta ævilanga sviptingu ökuréttinda gagnvart ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Átelja ber, að sakargögn í málinu bárust aðeins í einu eintaki frá ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.